

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu í máli þessu vegna fjarveru annars meðdómsmannsins erlendis.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, greiði stefnanda, Baldri Ásgeirssyni, kr. 306.225.25 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. maí 1966.

Nr. 183/1965. **Ellert Magnússon og Samvinnutryggingar**
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

gegn

Magnúsi Guðjónssyni

(Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun máls frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. og krafist þess, að „hinar dæmdu bætur í héraðsdómi verði stórlega lækkaðar“ og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 23. október 1965 veitt leyfi til að bera mál þetta undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð

nemi eigi kr. 5.000.00. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands eru nú lagaskilyrði slíks leyfis þau, að „úrslit málsins“ séu „mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja“. Dómdendur „eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ. e. hvort yfirvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu“, eins og það var orðað í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. marz 1965 í málinu María Kristmundsdóttir gegn Sigmundi M. Andræssyni. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 3. nóvember 1965 í málinu Ingibjörg Magnúsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, var við það miðað, að Hæstiréttur ætti dóm um lagaskilyrði leyfis til að bera mál undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Fallast má í einu og öllu á þann lagaskilning, sem kemur fram í hinum nefndu hæstaréttardómum. Samkvæmt honum á Hæstiréttur dóm um það, hvort lagaskilyrði eru fyrir hendi til að leyfa áfrýjun máls, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Úrslit máls þess, sem nú er til meðferðar, eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða þau sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Samkvæmt þessu og þar sem málsefnið nemur eigi kr. 5.000.00, svo sem mælt er í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Ellert Magnússon og Samvinnutryggingar, greiði óskipt stefnda, Magnúsi Guðjónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 16. gr. laga nr. 57/1962 ber að skýra þannig, að ráðherra meti til hlítar skilyrði greinarinnar fyrir veitingu

leyfis til áfrýjunar máls, er sakaefni nemur ekki áfrýjunar-fjárhæð samkvæmt 13. gr. sömu laga. Styðst sú skýring við aðdraganda að setningu lagaboðsins og er í samræmi við langvarandi réttarframkvæmd.

Ráðherra hefur ekki farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með veitingu leyfis til áfrýjunar máls þessa. Verður mati hans á skilyrðum til útgáfu leyfisins því ekki hnekkt og leyfinu eigi til hliðar vikið. Samkvæmt þessu er málinu réttilega áfrýjað, og verður kröfu stefnda um frávisun þess frá Hæstarétti ekki sinnt.

Ályktarorð:

Framangreind frávisunarkrafa er eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Magnús Guðjónsson, Sporðagrunni 7 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 4. desember 1963, á hendur Ellert Magnússyni, Snorrabraut 73, og Samvinnutryggingum, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 3.415.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júní 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfu sinnar í 6 af hundraði frá 1. janúar 1965.

Stefndu hafa krafizt þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð stórlega og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 21. júní 1963 ók stefnandi bifreið sinni, R 11420, eftir Miklatorgi hér í borg á vinstri akrein. Bifreið stefnda Ellerts, R 489, var ekið á hægri akrein torgsins. Báðar höfðu bifreiðarnar komið inn á torgið af Miklubraut. Um það leyti er bifreiðarnar komu að gatnamótum Flugvallarveggar, var bifreið stefnda ekið yfir á vinstri akreinina, þar eð ökumaðurinn ætlaði að aka inn í þá götu. Varð þá árekstur með bifreiðunum, þannig að vinstra framhorn R 489 lenti á hægri framhurð R 11420 og skemmdi hana nokkuð. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið á vinstri akrein Miklubrautar að torginu. Á hægri akrein hafi vörubifreiðinni R 489 verið ekið. Hann kvaðst hafa numið staðar, er að torginu kom, vegna um-

ferðar um það, en síðan ekið inn á torgið í ytri akrein (vinstri) og ætlað að aka áfram vestur Hringbraut. Hann kvaðst hafa vitað um ferð vörubifreiðarinnar inn á torgið á innri (hægri) akrein. Hann kvaðst hafa ekið sinni bifreið aðeins á undan vörubifreiðinni og því ekki séð nein merki frá bifreiðinni um það, að henni yrði beygt út á Flugvallarveginn. Hann kvað enga umferð hafa verið á undan bifreiðunum á torginu og því hafi það komið sér á óvart, er hann varð var árekstursins. Theodór Ragnar Einarsson, ökumaður R 489, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni vestur Miklubraut á hægri akrein. Er hann hafi komið að torginu, hafi hann numið staðar vegna umferðar um það, en síðan ekið inn á það á innri akrein. Áður en hann hafi komið að torginu, hafi hann veitt athygli R 11420, sem ekið var á vinstri akrein Miklubrautar. Þegar hann hafi verið kominn á torgið, hafi hann tendrað stefnuljós til vinstri, þar sem hann hafi ætlað að aka inn á Flugvallarveg. Er hann hafi beygt út úr hringnum, hafi hann ekki veitt R 11420 athygli, fyrr en sú bifreið hafi komið á móts við bifreið hans. Kvaðst hann þá hafa snögghemlað, en það hafi eigi forðað því, að bifreiðarnar lentu saman. Hafi vinstra framvarahorn bifreiðar sinnar lent á hægri hliðarhurð R 11420.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stjórnandi R 489 hafi einn átt sök á árekstrinum. Akreinaskipting hafi um árábil verið á torginu og hafi það verið merkt þannig. Akstur bifreiðarstjóranna að og inn á torgið hafi og verið með tilliti til akreinaskiptingar. Stjórnandi R 489 hafi komið að torginu eftir hægri akrein og því ekið inn í innri hring þess. Þessi akstur hans hafi verið óeðlilegur og varhugaverður með tilliti til þess, að hann hugðist aka svo fljótt af torginu, sem raun varð á. Við þessar aðstæður hafi stjórnanda R 489 borið að sýna sérstaka árvekni og varúð og breyta ekki um stefnu, fyrr en hann hafði gengið úr skugga um, að það væri óhætt vegna umferðar á ytri akreinni. Mótmælir stefnandi því, að stjórnandi R 489 hafi gefið stefnuljósmerki, en þótt svo hefði verið, þá hafi þau ekki getað komið að gagni gagnvart sér, þar sem bifreiðunum hafi verið ekið svo að segja samsíða. Telur stefnandi árekstur bifreiðanna eingöngu verða rakinn til þessa gáleysis stjórnanda R 489.

Stefndu styðja kröfu sína þeim rökum, að sérreglur umferðarlaga um akreinaakstur eigi ekki við í hér umræddu tilviki, enda verði eigi séð, að torgið hafi verið merkt til slíks aksturs. Með því

að aka vinstra megin fram úr R 489 við vegamót og án þess að gefa þá ætlun sína til kynna áður hafi stefnandi gerzt sekur um brot gegn 3. og 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga. Hins vegar verði að viðurkenna, að ökumaður R 489 ók hægra megin á torginu, andstætt fyrirmælum 1. mgr. 45. gr. sömu laga og gætti ekki upphafsákvæðis 2. mgr. 46. gr. laganna, en stefnúmerki hafi hann þó gefið. Verði því eigi annað ráðið en að stefnandi hafi átt að minnsta kosti jafnmikla sök og ökumaður R 489 á árekstrinum. Ef hins vegar talið yrði, að umferðarreglur um akreinaskipti ættu hér við, þá sé fjarri því, að stefnandi hafi gætt við framúr-akstur sinn hinnar sérstöku varúðarskyldu, sem boðin er í 6. mgr. 47. gr. umferðarlaganna. Ökumaður R 489 hafi ekkert brotið af sér með því að velja sér hægri akrein, þar sem hann hafi ætlað sér að beygja yfir á Flugvallarveg, enda hafi hann gefið þá fyrir-ætlun sína til kynna með stefnuljósmerkjum. Mótmæla stefndu því, að bifreið stefnanda hafi verið ekið á undan R 489 á torginu.

Umferðarlög nr. 26/1958 hafa eigi að geyma ákvæði um akstur á hringtorgum sérstaklega. Hins vegar eru þar sérreglur um akstur á götum, sem skipt er í tvær eða fleiri akreinar með sömu akstursstefnu. Hér umræddu hringtorgi hefur um árabíl verið skipt í tvær akreinar, sem merktar hafa verið á akbrautina, og allar aðliggjandi götur hafa einnig verið merktar á sama hátt. Það er óupplýst í málinu, hvort merking hafi verið sjáanleg að þessu leyti á torginu á þeim tíma, er atburður sá gerðist, er hér um ræðir. Ökumenn beggja bifreiðanna höguðu akstri sínum að torginu og einnig eftir því sjálfu svo sem um tvær akreinar væri að ræða. Þykir með tilliti til þessara atriða bera að fara eftir reglum umferðarlaga um akreinar, að því leyti sem þær eiga við.

Þegar á það er litið, að ökumaður R 489 hugðist aka út úr torginu við Flugvallarveg, virðist hentugra hafa verið fyrir hann að velja vinstri akrein torgsins, þar sem um svo skamma vegalengd á torginu var að ræða. Þar sem hins vegar sú raun varð á, að hann valdi hægri akreinina, þar honum nauðsyn til að aka yfir vinstri akreinina til þess að komast út af torginu. Bar honum því að aðgæta vandlega, áður en hann beygði, að það væri unnt án hættu fyrir þá, sem á eftir komu. Ökumaður R 489 var sér meðvitandi um ferðir stefnanda á vinstri akrein inn á torgið um svipað eða sama leyti og hann sjálfur. Bar honum því frekari nauðsyn að gæta varúðar gagnvart honum, áður en hann beygði, enda mátti hann ætla, að stefnubreytingarmerki kynnu að vera

hulin honum. Þar sem ökumaður R 489 þykir ekki hafa gætt þessa sem skyldi, þykir bera að leggja á hann megin hluta sakar á árekstrinum.

Stefnandi ók bifreið sinni í ytri hring torgsins og hugðist aka fram hjá tveim gatnamótum. Þar sem bifreiðum, sem aka í innri akrein, á að vera jafn greið umferð út af torginu og bifreiðum, sem aka ytri akreinina, bar stefnanda að gæta varúðar gagnvart R 489 við gatnamótin, og það því frekar, sem hann vissi um ferðir hennar svo til samsíða sinni bifreið. Stefnandi þykir ekki hafa gætt þessa sem skyldi, og þykir því bera að leggja á hann nokkurn hluta sakar á árekstrinum. Að öllu framansögðu þykir bera að skipta svo sök, að stefnandi beri $\frac{1}{4}$ hluta, en ökumaður R 489 $\frac{3}{4}$ hluta. Fjárhæðum hefur eigi sérstaklega verið mótmælt. Ber því samkvæmt framansögðu að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 2.561.25 með vöxtum, eins og krafizt er. Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.800.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ellert Magnússon og Samvinnutryggingar, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Magnúsi Guðjónssyni, kr. 2.561.25 með 7% ársvöxtum frá 21. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 1.800.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
